



398. Stjórnarfundur haldinn 18. okt. 2012 kl:17:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Sigurvin Guðfinnsson (SG),
Birgir Ingibergsson (BI), Guðjón Axelsson (GA) og Bjarney S. Snævarsdóttir (BS).

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá Magnúsi Kristóferssyni Háamýri v/knattspyrnudeildar lagt fram til upplýsinga. *Umræður um málið og rætt um hugsanlegt framhald málsins. EH falið að ræða við formann knattspyrnudeildar um stöðu mála.*

Bréf frá Þorsteini Magnússyni formanni knattspyrnudeildar Keflavíkur v/aðstoðar við meistaraflokksráð kvenna v/uppgjors við þjálfara. *Samþykkt að aðstoða deildina með því að lána þeim til skamms tíma. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá málinu.*

Tölvupóstur frá Tinnu Hallgrímsdóttur framkvæmdastjóra Þróttar í Vogum þar sem verið er að bjóða til 80. ára afmælisfagnaðar 27. október. *Framkvæmdastóra falið að kaupa afmælisgjöf.*

Bréf frá VÍS v/starfsmannatryggingar. *Búið að senda upplýsingar inn til VÍS.*

Tölvupóstur frá Smára Helgasyni formanni unglingaráðs knattspyrnudeildar Keflavíkur v/skiptingu á tímum í Reykjaneshöll. *Umræður um tímaskiptingu í höllinni.*

3. Send bréf.

Formaður húsnefndar BI sendi bréf á forstöðumann íþróttahússins við Sunnubraut v/afnota af herbergi á neðrihæð í suðurenda hússins undir muni félagsins.

4. Hringbraut 108.

EH fór yfir samkomulag sem gert er á milli aðalstjórnar og knattspyrnudeildar v/afnotar af Hringbraut 108 til flugeldasölu. *Samþykkt.*

5. Jólblað.

EH sagði frá því að Eðvarð T. Jónsson hafi tekið að sér að taka opnuviðtalið í jólblaðið. Stefnt er að blaðið komi út 7. desember. Auglýsingasöfnun fer vel af stað.

6. Námskeið.

EH sagði frá því að skyndihjálparnámskeið hefði verið haldið 16. okt. Fimm aðilar sóttu námskeiðið og voru þeir frá knattspyrnu- og fimleikadeild.

7. Önnur mál.

BI sagði frá fundi húsnefndar, en þar er allt komið á fullt við skipulagningu á uppsetningu á munum félagsins.

KG sagði frá því að á fundi íþrótt- og tómsundaráðs hafi komið fram vilyrði fyrir því að hækka þjálfarastyrkinn í tuttugu milljónir og einnig að hækka rekstarsamninga við knattspyrnudeildir Keflavíkur og Njarðvíkur.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:15

Fundinn ritaði SG

